

Original Universal Málartvätt

Alhliða hreinsiefni

Efnislýsing

Original Universal Málartvätt er hreinsi- og affitunarþykki sem nota má bæði úti og inni. Það fjarlægir fitu og óhreinindi á áhrifaríkan hátt, sem þýðir að málning fær betri viðloðun við flötinn sem mála á. Original Universal Málartvätt hentar einnig til viðhaldspvotta á veggj utanhúss, útihúsgögn, viðarpalla og fleira. Hreinsirinn er án fosfata.

Meðhöndlun

- Létt hreinsun: 1 hluti hreinsir á móti 20 hlutum vatns.
- Mjög óhreinir fletir: 1 hluti hreinsir á móti 10 hlutum vatns.
- Viðhaldspvottur á olíu- eða alkýðmálningu: 1 hluti hreinsir á móti 20 hlutum vatns.
- Endurmálun innanhúss: Berið lausnina á með örtrefjaklút eða svampi. Skolið síðan klútinn eða svampinn með hreinu vatni og þurrkið yfir vandlega.
- Endurmálun/viðhaldspvottur utanhúss: Skolið vegginn með vatni. Þvottablandan er borin á óhreinan flötinn með lágþrýstiúða, burstu eða svampi. Látið liggja á fletinum í 10 mínútur og skrúbbið síðan af með burstu eða svampi. Skolið vandlega með hreinu vatni. Ef um vöxt er að ræða skal nota þörung- og mygluhreinsi á hreinan og þurrkan flötinn til að drepa spora og örverur.
- ATH. Verjið gler, málma og málaða fleti sem ekki á að yfirmála. Passið einnig plöntur og timbur sem ekki á að hreinsa.



Tæknilegar upplýsingar

Notkun: Innan- og utanhúss

Verkfæri: Þvottasvampur og skrúbbur

Þekja: 10-15 m²/l (eftir blöndun)

Umbúðir: 1 lítra brúsar

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Í frostlausu rými

Endurskoðað í nóvember 2023

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði.

Ekki láta brúsann standa opinn meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.